

101

20. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna breytist og verði þannig:

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

2. gr.

Fyrri málslíður 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga um lestagjald af skipum, nr. 37 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

102

20. des.

L Ö G

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nýttar ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

Nú hefur maður nýttjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur né fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðeigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggji jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgrein. Nú byggir landsdrott-